

BÆJANÖFN

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum bæjanöfnum á árinu 1969:

Norður-Þingeyjarsýsla.

Austurgarður I á eignarhluta í landi Austurgarða, Kelduhverfi.
Austurgarðar II á eignarhluta í landi Austurgarða, Kelduhverfi.

Suður-Múlasýsla.

Höfðatún á nýbýli í landi Gestsstaða í Fáskrúðsfirði.

Árnessýsla.

Ártún á nýbýli í landi Árbæjar III í Ölfusi.
Asparlundur á nýbýli í landi Laugaráss í Biskupstungum.
Brúarhvamur á nýbýli í landi Brúar í Biskupstungum.
Brún á garðyrkjubýli í landi Flúða, Hrunamannahreppi.
Haukholt I á eignarhluta í landi Haukhólts, Hrunamannahreppi.
Haukholt II á eignarhluta í landi Haukhólts, Hrunamannahreppi.
Klif á nýbýli í landi Spóastaða í Biskupstungum.
Sauðholt á garðyrkjubýli í landi Reykjavalla í Biskupstungum.

Gullbringusýsla:

Breiðabólsstaðir II á nýbýli í landi Breiðabólsstaða, Bessastaðahreppi.

Menntamálaráðuneytið, 20. janúar 1970.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.

29. janúar 1970.

Nr. 18.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Guðrúnar S. Þorleifsdóttur frá Tunguhálsi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. janúar 1970.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Guðrúnar S. Þorleifsdóttur frá Tunguhálsi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Guðrúnar S. Þorleifsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Sveini Stefánssyni frá Tunguhálsi og gefinn Lýtingsstaðahreppi — eins og hann er nú — til minningar um konu hans Guðrúnu Soffíu Þorleifsdóttur, sem var húsfreyja á Tunguhálsi um fjörutíu ára skeið frá 1897 til 1938. Guðrún var fædd 31. maí 1871, d. 22. júní 1939.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 25 000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónur. —

Sjóðurinn skal ávaxtast í útibúi Búnaðarbankans á Sauðárkróki, og banka-
bókin geymd þar. Verði útibúið lagt niður, skal sjóðurinn ávaxtast í annarri tryggri
bankastofnun á Sauðárkróki.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og leggjast vextir við höfuðstól þar til
hann tekur til starfa á eitt hundrað ára afmælisdegi Guðrúnar 1971.

4. gr.

Vöxtum af sjóðnum skal varið til styrktar efnalitlum sjúklingum í Lýtings-
staðahreppi, sem orðið hafa fyrir slysi eða sjúkdómi, og verða fyrir miklum óend-
urkræfum útgjöldum vegna sjúkrahúsvalar og þurfa að fá sjúkraflugvél til flutn-
ings í sjúkrahús til læknaaðgerða.

Komi til þess að keypt verði eða starfrækt sjúkraflugvél fyrir Skagafjarðar-
sýslu, er sjóðstjórn einnig heimilt að verja vöxtum upp í framlag Lýtingsstaða-
hrepps til kaupa eða reksturs slíkrar flugvélar.

Komi ár, sem ekki þarf að úthluta úr sjóðnum, leggjast vextir við höfustól.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins skulu vera: sýslumaður Skagafjarðarsýslu eða samsvar-
andi embættismaður, verði sýslumannsembætti lagt niður, oddviti eða sveitarstjóri
Lýtingsstaðahrepps og óðalsbóndinn á Tunguhálsi.

Stjórn sjóðsins heldur gerðabók og skal í hana rituð skipulagsskrá þessi, árs-
reikningar sjóðsins og fundargerðir stjórnenda.

6. gr.

Reikningar sjóðsins skulu gerðir árlega í lok hvers árs og skulu þeir endur-
skoðaðir af endurskoðendum sýslureikninga.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í
B. deild Stjórnartíðinda.

Akureyri, 8. júlí 1969.

S. Stefánsson (frá Tunguhálsi).

REGLUGERÐ**fyrir Heilsuverndarstöð Kópavogs.****1. gr.**

Hlutverk Heilsuverndarstöðvar Kópavogs er fyrst um sinn heilsugæzla í eftir-
töldum greinum:

1. Mæðravernd.
2. Ungbarnavernd (0—2 ára barna) og smábarnavernd (2—7 ára barna).
3. Skólaeftirlit (heilsuvernd barna og unglinga á skólaaldri).
4. Tannvernd í skólum.
5. Íþróttæftirlit (heilsuvernd íþróttaiðkenda).
6. Atvinnusjúkdómavarnir.